



Fundargerð

Fundur haldinn Oddeyrarskóla miðvikudaginn 13. mars kl. 8:10 stofa 107

Mættir: Anna Bergrós Arnarsdóttir skólastjóri, Fjóla Kristín Helgadóttir deildarstjóri, Margrét Aðalgeirsdóttir deildarstjóri, Baldvin Árnason fulltrúi nemenda, Nanna Rut Guðmundsdóttir og Sigríður Ásta Pedersen, fulltrúar foreldra, Sunneva Guðgeirsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna. Mayflor Perez Cajes fulltrúi foreldra og Óskar Örn Eggertsson fulltrúi kennara mættu þegar verið var að ræða lið 2. Jónína Rakel Sigurðardóttir, fulltrúi kennara og Miruna-Amalia Cretu fulltrúi nemenda voru fjarverandi.

1. Skóladagatal 2024-2025. Kennarar hafa samþykkt skóladagatal þar sem greidd voru atkvæði á milli þess hvort hafa ætti árshátíð nemenda á laugardegi eða fimmtudagi. Samþykkt var með miklum meirihluta að hafa árshátíð á fimmtudegi. Skóladagatalið var borið undir skólaráð og var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Undir þessum lið varð umræða um skipulag árshátíðar og kaffisölu og m.a. rætt um að auka samstarf foreldra og starfsfólks í kringum árshátíð og virkja fleiri foreldra við kaffisölu. Einnig varð umræða um fjáröflun.
2. Nefndir og ráð - Anna kynnti þær nefndir og ráð sem starfa innan skólans. Í sumum nefndum eins og gæðaráði, heilsuefingarnefnd og SMT nefnd eiga að sitja fulltrúar foreldra eða fulltrúar úr nærumhverfi skólans. Þessar nefndir funda vikulega og því fullmikið fyrir fulltrúa utan skólans að mæta á alla fundi en hæfilegt þótti að þeir kæmu inn á fundi mánaðarlega. Hugmynd kom fram um fulltrúar úr skólaráði skipti með sér að koma inn á fundina.
3. SMT - Oddeyrarskóli er SMT skóli. Anna fór í stuttu máli yfir helstu áherslupætti [SMT](#). Foreldri spyr um afleiðingar mikilla skráninga og kom með athugasemdir um að skráningar skili ekki miklu þar sem nemendur sjá engar afleiðingar. Anna fór yfir þær vinnureglur sem gilda og sjá má [hér](#). Umræður um mikilvægi samstarfs kennara og foreldra þegar leiðréttar þarf hegðun nemenda. Einnig var rætt um að þrumugjöf á unglingastigi sé lítil og hana þurfi að auka.
4. Gæðaráð. Anna sýndi [umbótaáætlun](#) skólans og fór yfir ýmsa þætti hennar. Hún nefndi í leiðinni að í síðustu viku var hreyfivika í skólanum í stað Lífshlaupsins en hætt var við þátttöku nemenda í Lífshlaupinu vegna þess það kom inn í vetrarfríð. Mikil ánægja var með hreyfivíkuna.
5. Önnur mál
 - a. Heimilisfræðistofan. Næsta sumar verður heimilisfræðistofan endurnýjuð frá grunni, vinna við hönnun hafin. Anna fór yfir tillögur frá skólanum um breytingar á stofunni og sýndi hugmyndir frá arkitekt um skipulag. Mikil almenn ánægja var með



Fundargerð

hugmyndirnar. Anna sagði einnig frá því að óskað hefur verið eftir því að skipta tónmenntastofunni í tvennt, því mikil þörf er fyrir meira rými.

- b. Fundur með nemendaráði - Anna ætlar að finna tíma þar sem nemendaráð og skólaráð geta fundað sameiginlega.
- c. Fulltrúi foreldra nefndi mikilvægi þess að setja skýringar á litunum inn á skóladagatalið.